

From: [Árný Sigurðardóttir](#)
To: "Emil Moravek"
Cc: [Glóey Helgudóttir Finnsdóttir](#); [Óskar Björgvinsson](#); [Helgi Valur Helgason](#); [Lif Magneudóttir](#)
Subject: SV: Varðandi fyrirspurn til hundaeftirlits
Date: fimmtudagur, 4. apríl 2019 13:40:00

Sæll Emil.

Takk fyrir upplýsingarnar. Það þarf að leggja þetta erindi fyrir heilbrigðisnefnd sem tekur afstöðu til erindisins vegna undanþágu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sem slíkt mun taka jákvæða afstöðu til erindisins að óbreyttu.

Ég veit hins vegar ekki hvenær næsti fundur er en ég held þessu tilhaga og legg þáð fyrir fund við fyrsta tækifæri.

Að öðru leyti er þér bent á ákvæði í lögum um dýravernd nr. 55/2013 en Matvælastofnun framfylgir ákvæðum dýraverndar.

Með kveðju,
Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit
arny.sigurdardottir@reykjavik.is

S: 411 1111,

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Frá: Emil Moravek <emilmoravek@gmail.com>

Sent: fimmtudagur, 4. apríl 2019 11:17

Til: Helgi Valur Helgason <helgi.helgason@reykjavik.is>

Afrit: Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is>; Óskar Björgvinsson <oskar.bjorgvinsson@reykjavik.is>

Efni: Re: Varðandi fyrirspurn til hundaftirlits

Sæl verið þið og takk kærlega fyrir þetta Helgi og Sæl Árný.

Um er að ræða kvikmyndatökur á sjónvarpsþáttaröð sem Sagafilm er að framleiða og ber nafnið Ráðherrann.

Einn karakter í þessari sögu á íslenskan fjárhund og af sögulegum ástæðum er þessi hundur aldrei í ól. Þessi karakter gengur mikið um þau svæði sem sagan gerist og hundurinn alltaf með. Svæðin sem um ræðir eru fremur mörg og töluvert áberandi staðir í miðborg Reykjavíkur.

Svæðin eru: Austurvöllur og þar í kringum alþingishúsið og Dónkirkjuna, framan við stjórnarráðið (erum þó enn að ganga frá leyfum við stjórnaráðið sjálft), Landakotstún, skólavörðustígur, við Hallgrímskirkju, Laugaveg, við reykjavíkurtjörn norðan megin og fleyri minna áberandi staðir sem við erum að finna staðsetningar á.

Vinnusípalagið okkar er í mótun og erfitt fyrri mig að gefa út einhverja ákveðna daga sem hudnurinn verður en tökutímabilið sjálft er frá og með 24.apríl 2019 - 25.júlí. 2019

Hundurinn heitir Sómi og er eins og fyrr segir Íslenskur fjárhundur. Eigandi hundsins heitir Þórunn Bjarnadóttir Kt 080880 3409 og er einnig með í för hundapjálfari.

Varðandi við framkvæmdina sjálfa þá mun hundurinn einungis vera frjáls ferða í tökum. Hundurinn verður á öllum stundum í umsjá ábyrgðaraðila, ýmist eiganda eða þjálfara sem auk þess munu gæta allrar umhirðu.

Mun þessi póstur vera ásættanlegur til að fá undanþágu á ofangreindri reglugerð?

Með bestu kveðjum

Emil Morávek
Tökustaðastjóri Ráðherrans
S.691 6750
emilmoravek@gmail.com

On Thu, Apr 4, 2019 at 9:05 AM Helgi Valur Helgason <helgi.helgason@reykjavik.is> wrote:

Sæll Emil,

best væri að þú sækir um undanþágu til Heilbrigðisnefndar varðandi hundinn. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, c/o Árný Sigurðardóttir, Borgartúni 12, 105 Reykjavík.

Sbr. 17. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík nr. 478/2012.

Frávik og undanþágur.

Víkja má frá fyrir mælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda

um tiltekna staði þegar um er að ræða hunda, sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa eða sem sérþjálfaðir leiðsögu- og hjálparhundur.

Heilbrigðisnefnd getur einnig veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum í sérstökum

tilvikum, þó ekki frá ákvæðum sem er að finna í reglugerðum og lögum.

Láttu fylga upplýsingar um tímabil, tökustaði og þ.h.

Kveðja

Helgi Helgason
hundaeftirlitsmaður

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.